

Frá Halldóri Grétari Einarssyni:

Núverandi:

14. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands lætur reikna a.m.k. tvisvar á ári skákstig fyrir íslenska skákmenn, sem þátt taka í skákmótum á vegum sambandsins eða aðildarfélaga þess. Stjórn Skáksambandsins setur nánari reglur um hvaða skilyrði skákmót þurfa að uppfylla til að vera tekin til útreiknings.

Tillaga að breytingu:

14. grein.

Stjórn SÍ sendir öll kappskákmót á vegum sambandsins til útreiknings hjá FIDE. Einnig þau kappskákmót sem aðildarfélög þess senda inn.

Greinargerð:

Sá tímapunktur að ekki verður lengur þörf á að reikna sérstaklega íslensk skákstig nálgast. Þessi lagabreyting er ætluð til að auðvelda þá breytingu. Ágætur tímapunktur fyrir þessi tímamót gæti verið 1.des 2015. Einungis er lögð skylda til að senda kappskákmót þó líklega verði helstu at- og hraðskákmót einnig send.